

Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna um varanlegan regnboga í Reykjavík

Lagt er til við borgarstjórn að málaður verði varanlegur regnbogi, til dæmis á gangbraut eða annars konar gönguþverun, göngustíg, vegg eða öðrum áberandi stað í miðborg Reykjavíkur. Umhverfis- og skipulagssviði verði falið að gera tillögu að staðsetningu og nánari útfærslu og leggja fyrir skipulags- og samgönguráð með það fyrir augum að framkvæmd geti átt sér stað sumarið 2019.

Greinargerð

Þó regnboginn hafi á síðustu árum helst verið áberandi í Reykjavík í ágúst þá hefur júnímánuður um árabil verið nefndur „Pride month“ eða mánuður hinsegin hátíða og fer stór hluti hinsegin hátíða um heim allan fram í júní. Í júní 2019 ber svo við að liðin eru 50 ár frá Stonewall uppreisninni sem gjarnan er nefnd upphaf hinsegin hátíða (e. Pride) eða þegar hinsegin fólk uppgötvaði samtakamáttinn og sýnileg réttindabarátta hófst fyrir alvöru. Í sama mánuði eru 20 ár frá því að fyrsta hinsegin hátíðin var haldin hér á landi og fagna Hinsegin dagar í Reykjavík því 20 ára afmæli á árinu.

Enn í dag er ljóst að baráttan hinsegin fólks fyrir auknum réttindum, viðurkenningu og sýnileika í samfélaginu er mjög mikilvæg. Sem dæmi má nefna að danskar rannsóknir sýna að hluti hinsegin fólks telur sig þurfa að leyna hinseginleika sínum í vinnunni og bandarískar rannsóknir staðfesta að hinsegin fólk lifir við glerþak á atvinnumarkaði. Þá sýna nýlegar íslenskar rannsóknir að hinsegin ungmenni eru líklegri til að upplifa depurð, reiði og streitu auk þess að vera mun líklegri til sjálfsskaða, sjálfsvígshugsana og sjálfsvígstilrauna.

Eitt af því sem skiptir lykilmáli í áframhaldandi baráttu eru sýnilegar fyrirmyndir og skýr afstaða bandamanna (e. allies), m.a. til þess að draga úr örareiti (e. micro aggression). Örareiti eru hversdagslegar athafnir, athugasemdir eða umhverfisþættir sem eru niðrandi eða niðurlægjandi fyrir jaðarsetta hópa, í þessu tilfalli hinsegin fólk. Liður í þessu er t.d. að fyrirtæki víða um heim leggja sig nú fram um að sækja sér fræðslu og vottanir til að teljast hinsegin vinaleg, bæði sem vinnustaðir og þjónustuveitendur.

Til að setja tóninn og skapa hinsegin fólki rými í annars cis- og hetero-normatífu samfélagi, hafa ýmsar borgir á undanförunum árum komið upp varanlegum regnbogum. Þar má til dæmis nefna París, San Fransisco, Seattle og Sydney. Anne Hidalgo, borgarstjóri í París, sagði þegar ákvörðunin um varanlega regnbogagangbraut var tekin að París væri griðarstaður sem fagnar frjálslyndi, jafnrétti og bræðralagi. Til að innsigla þessi gildi yrði regnbogagangbrautin sem áður hafði verið máluð árlega fyrir Marche Des Fiertés gerð varanleg.

Árið 2006 var fyrsta mannréttindastefna Reykjavíkurborgar samþykkt í borgarstjórn. Mannréttindastefnan, sem byggð er á jafnræðisreglunni, miðar að því að allar manneskjur fái notið mannréttinda m.a. án tillits til kynhneigðar, kynvitundar eða kyntjáningar. Það er því ljóst að Reykjavíkurborg hefur um árabil lagt áherslu á að hér fái hinsegin fólk notið sín jafnt við aðra og ekki úr vegi að sýna þá áherslu og þann einlæga vilja með eins sýnilegum hætti og hér er lagt til.

Áhrif þessarar einföldu en táknrænu aðgerðar sem hér er lögð til væru fjölþætt. Með henni er uppreisnarinnar við Stonewall minnst og þess árangurs sem náðst hefur á þeirri hálfu öld sem liðin er samhliða því sem 20 ára afmæli Hinsegin daga í Reykjavík er fagnað. Á sama tíma er hinsegin fólki gert hærra undir höfði í Reykjavík og sýnileg litadýrð fjölbreytileikans tryggð til framtíðar.